

**REGLUGERÐ**  
**um breytingu á reglugerð um þvingunaraðgerðir**  
**varðandi Myanmar, nr. 278/2015.**

1. gr.

*Þvingunaraðgerðir.*

Eftirfarandi töluliðir skulu bætast í réttri númeraröð við 2. gr. reglugerðarinnar:

- 1.12 Ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2022/243 frá 21. febrúar 2022 um breytingu á ákvörðun 2013/184/SSUÖ um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Myanmar/Burma, sbr. fylgiskjal 1.12.
- 1.13 Ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2022/669 frá 21. apríl 2022 um breytingu á ákvörðun 2013/184/SSUÖ um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Myanmar/Burma, sbr. fylgiskjal 1.13.
- 1.14 Ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2022/2178 frá 8. nóvember 2022 um breytingu á ákvörðun 2013/184/SSUÖ um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Myanmar/Burma, sbr. fylgiskjal 1.14.
- 2.12 Framkvæmdarreglugerð ráðsins (ESB) 2022/239 frá 21. febrúar 2022 um framkvæmd reglugerðar (ESB) 401/2013 um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Myanmar/Burma, sbr. fylgiskjal 2.12.
- 2.13 Reglugerð ráðsins (ESB) 2022/238 frá 21. febrúar 2022 um breytingu á reglugerð (ESB) 401/2013 um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Myanmar/Burma, sbr. fylgiskjal 2.13.
- 2.14 Framkvæmdarreglugerð ráðsins (ESB) 2022/662 frá 21. apríl 2022 um framkvæmd reglugerðar (ESB) 401/2013 um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Myanmar/Burma, sbr. fylgiskjal 2.14.
- 2.15 Framkvæmdarreglugerð ráðsins (ESB) 2022/2177 frá 8. nóvember 2022 um framkvæmd reglugerðar (ESB) 401/2013 um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Myanmar/Burma, sbr. fylgiskjal 2.15.

2. gr.

*Gildistaka o.fl.*

Reglugerð þessi, sem er sett með heimild í 4. og 12. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða nr. 93/2008, öðlast þegar gildi.

*Utánríkisráðuneytinu, 13. janúar 2023.*

**Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir.**

---

*Martin Eyjólfsson.*

**Fylgiskjal 1.12.**

**ÁKVÖRÐUN RÁÐSINS (SSUÖ) 2022/243**  
**frá 21. febrúar 2022**  
**um breytingu á ákvörðun 2013/184/SSUÖ um þvingunaraðgerðir**  
**í ljósi ástandsins í Myanmar/Burma**

*I. gr.*

Eftirfarandi grein er felld inn í ákvörðun (SSUÖ) nr. 2013/184/SSUÖ:

*„6. gr. b*

Þrátt fyrir ákvæði 6. gr. (1) og (2), geta lögbær stjórnvöld aðildarríkis heimilað að tilteknir frystir fjármunir eða efnahagslegur auður, sem tilheyrir þeirri rekstrareiningu sem skráð er í 10. færslu í viðauka, verði affrystur eða að tilteknir fjármunir eða efnahagslegur auður verði gerður aðgengilegur þeirri rekstrareiningu, samkvæmt þeim skilyrðum sem lögbæru yfirvöldin telja viðeigandi, eftir að hafa gengið úr skugga um að slíkir fjármunir eða efnahagslegur auður sé nauðsynlegur fyrir:

- a) verkefni sem tengjast niðurlagningu olú- og gasbrunna í samræmi við alþjóðlega staðla, s.s. förgun úrgangs, hreinsun svæðis sem nauðsynleg er fyrir öryggi og endurheimt umhverfis, veitingu tengdrar tækniástoðar og greiðslu tengdra skatta og gjalda, sem og launa og félagslegra bóta til launafólks eða
- b) tilfærslu fyrir 31. júlí 2022 á hlutabréfum eða hlutdeild sem nauðsynleg er til að segja upp samningum sem gerðir eru við þá rekstrareiningu sem skráð er í 10. færslu í viðauka fyrir 21. febrúar 2022.“

Viðauka er breytt í samræmi við viðaukann við ákvörðun þessa. (Efnisútdráttur).

VIÐAUKI

[Viðaukinn er birtur á vef Stjórnartíðinda ESB: <http://data.europa.eu/eli/dec/2022/243/oj>.

Listar yfir aðila, hluti, tækni eða annað viðfang þvingunaraðgerða, eru birtir á vef Stjórnartíðinda Evrópusambandsins. Síðari breytingar og uppfærslur listanna öðlast sjálfkrafa gildi við birtingu á þeim vef, sbr. 3. mgr. 4. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða nr. 93/2008.

Vefur Stjórnartíðinda Evrópusambandsins er hér: <http://eurlex.europa.eu>.

Heildarlisti yfir aðila sem eru háðir frystingu fjármuna er hér:

[https://ec.europa.eu/info/business-economy-euro/banking-and-finance/international-relations/restrictive-measures-sanctions\\_en#list.](https://ec.europa.eu/info/business-economy-euro/banking-and-finance/international-relations/restrictive-measures-sanctions_en#list.)]

**Fylgiskjal 1.13.**

**ÁKVÖRÐUN RÁÐSINS (SSUÖ) 2022/669**  
**frá 21. apríl 2022**  
**um breytingu á ákvörðun 2013/184/SSUÖ um þvingunaraðgerðir**  
**í ljósi ástandsins í Myanmar/Burma**

Ákvörðunin skal gilda til 30. apríl 2023. Viðaukanum er breytt í samræmi við viðaukann við ákvörðun þessa. (Efnisútdráttur).

VIÐAUKI

[Viðaukinn er birtur á vef Stjórnartíðinda ESB: <http://data.europa.eu/eli/dec/2022/669/oj>.

Listar yfir aðila, hluti, tækni eða annað viðfang þvingunaraðgerða, eru birtir á vef Stjórnartíðinda Evrópusambandsins. Síðari breytingar og uppfærslur listanna öðlast sjálfkrafa gildi við birtingu á þeim vef, sbr. 3. mgr. 4. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða nr. 93/2008.

Vefur Stjórnartíðinda Evrópusambandsins er hér: <http://eurlex.europa.eu>.

Heildarlisti yfir aðila sem eru háðir frystingu fjármuna er hér:

[https://ec.europa.eu/info/business-economy-euro/banking-and-finance/international-relations/restrictive-measures-sanctions\\_en#list.](https://ec.europa.eu/info/business-economy-euro/banking-and-finance/international-relations/restrictive-measures-sanctions_en#list.)]

#### **Fylgiskjal 1.14.**

**ÁKVÖRÐUN RÁÐSINS (SSUÖ) 2022/2178**  
**frá 8. nóvember 2022**  
**um breytingu á ákvörðun 2013/184/SSUÖ um þvingunaraðgerðir**  
**í ljósi ástandsins í Myanmar/Burma**

Viðaukanum er breytt í samræmi við viðaukann við ákvörðun þessa. (Efnisútdráttur).

VIÐAUKI

[Viðaukinn er birtur á vef Stjórnartíðinda ESB: <http://data.europa.eu/eli/dec/2022/2178/oj>.

Listar yfir aðila, hluti, tækni eða annað viðfang þvingunaraðgerða, eru birtir á vef Stjórnartíðinda Evrópusambandsins. Síðari breytingar og uppfærslur listanna öðlast sjálfkrafa gildi við birtingu á þeim vef, sbr. 3. mgr. 4. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða nr. 93/2008.

Vefur Stjórnartíðinda Evrópusambandsins er hér: <http://eurlex.europa.eu>.

Heildarlisti yfir aðila sem eru háðir frystingu fjármuna er hér:

[https://ec.europa.eu/info/business-economy-euro/banking-and-finance/international-relations/restrictive-measures-sanctions\\_en#list.](https://ec.europa.eu/info/business-economy-euro/banking-and-finance/international-relations/restrictive-measures-sanctions_en#list.)]

#### **Fylgiskjal 2.12.**

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ RÁÐSINS (ESB) 2022/239**  
**frá 21. febrúar 2022**  
**um framkvæmd reglugerðar (ESB) 401/2013 um þvingunaraðgerðir**  
**í ljósi ástandsins í Myanmar/Burma**

IV. viðauka við reglugerð (ESB) 401/2013 er breytt í samræmi við viðaukann við reglugerð þessa. (Efnisútdráttur).

VIÐAUKI

[Viðaukinn er birtur á vef Stjórnartíðinda ESB: [http://data.europa.eu/eli/reg\\_impl/2022/239/oj](http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2022/239/oj).

Listar yfir aðila, hluti, tækni eða annað viðfang þvingunaraðgerða, eru birtir á vef Stjórnartíðinda Evrópusambandsins. Síðari breytingar og uppfærslur listanna öðlast sjálfkrafa gildi við birtingu á þeim vef, sbr. 3. mgr. 4. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða nr. 93/2008.

Vefur Stjórnartíðinda Evrópusambandsins er hér: <http://eurlex.europa.eu>.

Heildarlisti yfir aðila sem eru háðir frystingu fjármuna er hér:

[https://ec.europa.eu/info/business-economy-euro/banking-and-finance/international-relations/restrictive-measures-sanctions\\_en#list.](https://ec.europa.eu/info/business-economy-euro/banking-and-finance/international-relations/restrictive-measures-sanctions_en#list.)]

#### **Fylgiskjal 2.13.**

**REGLUGERÐ RÁÐSINS (ESB) 2022/238**  
**frá 21. febrúar 2022**  
**um breytingu á reglugerð (ESB) 401/2013 um þvingunaraðgerðir**  
**í ljósi ástandsins í Myanmar/Burma**

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 215. gr.,

með hliðsjón af ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2022/243 frá 21. febrúar 2022 um breytingu á ákvörðun 2013/184/SSUÖ um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Myanmar/Burma<sup>(1)</sup>,

með hliðsjón af sameiginlegri tillögu frá æðsta fulltrúa Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum og framkvæmdastjórn Evrópusambandsins,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Með reglugerð ráðsins (ESB) nr. 401/2013<sup>(2)</sup> er nokkrum aðgerðum, sem kveðið er á um í ákvörðun ráðsins 2013/184/SSUÖ<sup>(3)</sup>, komið í framkvæmd, þ.m.t. frystingu fjármuna og efnahagslegs auðs tiltekinn einstaklinga eða lögaðila, rekstrareininga og stofnana.
- 2) Í ljósi áframhaldandi alvarlegs ástands í Myanmar/Burma samþykkti ráðið 21. febrúar 2022 ákvörðun (SSUÖ) 2022/243 um að bæta 22 aðilum og fjórum rekstrareiningum á skrána yfir aðila og rekstrareiningar sem þvingunaraðgerðir taka til, sem sett er fram í viðaukanum við ákvörðun 2013/184/SSUÖ.
- 3) Í því skyni að komast hjá ófyrirséðum afleiðingum af tilgreiningu einnar þessara rekstrareininga var með ákvörðun (SSUÖ) 2022/243 innleidd ný undanþága í ákvörðun 2013/184/SSUÖ að því er varðar frystingu eigna og bann við því að gera fjármuni eða efnahagslegan auð aðgengilegan þeirri rekstrareiningu. Þessi undanþága mun gera rekstraradilum í Sambandinu kleift að annast niðurlagningu olíu- og gasbrunna í samræmi við alþjóðlega staðla og segja upp samningum við þá rekstrareiningu.
- 4) Því ætti að breyta reglugerð (ESB) nr. 401/2013 til samræmis við það.
- 5) Reglugerð þessi ætti að öðlast gildi án tafar til þess að tryggt sé að þær aðgerðir sem þar er kveðið á um skili árangri.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

Eftirfarandi grein er felld inn í reglugerð (ESB) nr. 401/2013:

*„4. gr. db*

Þrátt fyrir ákvæði 4. gr. a geta lögbær stjórnvöld aðildarríkis heimilað að tilteknir frystir fjármunir eða efnahagslegur auður, sem tilheyri þeirri rekstrareiningu sem skráð er í 10. færslu í IV. viðauka, verði affrystur eða að tilteknir fjármunir eða efnahagslegur auður verði gerður aðgengilegur þeirri rekstrareiningu, samkvæmt þeim skilyrðum sem lögbæru yfirvöldin telja viðeigandi, eftir að hafa gengið úr skugga um að slíkir fjármunir eða efnahagslegur auður sé nauðsynlegur fyrir:

- a) verkefni sem tengjast niðurlagningu olíu- og gasbrunna í samræmi við alþjóðlega staðla, s.s. förgun úrgangs, hreinsun svæðis sem nauðsynleg er fyrir öryggi og endurheimt umhverfis, veitingu tengdrar tækniástoðar og greiðslu tengdra skatta og gjalda, sem og launa og félagslegra bóta til launafólks eða
- b) tilfærslu fyrir 31. júlí 2022 á hlutabréfum eða hlutdeild sem nauðsynleg er til að segja upp samningum sem gerðir eru við þá rekstrareiningu sem skráð er í 10. færslu í IV. viðauka fyrir 21. febrúar 2022.“

*2. gr.*

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 21. febrúar 2022.

*Fyrir hönd ráðsins,*

*forseti.*

J. BORRELL FONTELLES

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 40/8, 21.2.2022, bls. 28.

<sup>(2)</sup> Reglugerð ráðsins (ESB) nr. 401/2013 frá 2. maí 2013 um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Myanmar/Burma og um niðurfellingu reglugerðar (EB) nr. 194/2008 (Stjtið. ESB L 121, 3.5.2013, bls. 1).

<sup>(3)</sup> Ákvörðun ráðsins 2013/184/SSUÖ frá 22. apríl 2013 um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Myanmar/Burma (Stjtið. ESB L 111, 23.4.2013, bls. 75).

**Fylgiskjal 2.14.**

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ RÁÐSINS (ESB) 2022/662**

**frá 21. apríl 2022**

**um breytingu á reglugerð (ESB) 401/2013 um þvingunaraðgerðir  
í ljósi ástandsins í Myanmar/Burma**

IV. viðauka við reglugerð (ESB) 401/2013 er breytt í samræmi við viðaukann við reglugerð þessa.  
(Efnisútdráttur).

VIÐAUKI

[Viðaukinn er birtur á vef Stjórnartíðinda ESB: [http://data.europa.eu/eli/reg\\_impl/2022/662/oj](http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2022/662/oj).

Listar yfir aðila, hluti, tækni eða annað viðfang þvingunaraðgerða, eru birtir á vef Stjórnartíðinda Evrópu-sambandsins. Síðari breytingar og uppfærslur listanna öðlast sjálfkrafa gildi við birtingu á þeim vef, sbr. 3. mgr. 4. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða nr. 93/2008.

Vefur Stjórnartíðinda Evrópusambandsins er hér: <http://eurlex.europa.eu>.

Heildarlisti yfir aðila sem eru háðir frystingu fjármuna er hér:

[https://ec.europa.eu/info/business-economy-euro/banking-and-finance/international-relations/restrictive-measures-sanctions\\_en#list.](https://ec.europa.eu/info/business-economy-euro/banking-and-finance/international-relations/restrictive-measures-sanctions_en#list.)]

**Fylgiskjal 2.15.**

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ RÁÐSINS (ESB) 2022/2177**

**frá 8. nóvember 2022**

**um breytingu á reglugerð (ESB) 401/2013 um þvingunaraðgerðir  
í ljósi ástandsins í Myanmar/Burma**

IV. viðauka við reglugerð (ESB) 401/2013 er breytt í samræmi við viðaukann við reglugerð þessa.  
(Efnisútdráttur).

VIÐAUKI

[Viðaukinn er birtur á vef Stjórnartíðinda ESB: [http://data.europa.eu/eli/reg\\_impl/2022/2177/oj](http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2022/2177/oj).

Listar yfir aðila, hluti, tækni eða annað viðfang þvingunaraðgerða, eru birtir á vef Stjórnartíðinda Evrópu-sambandsins. Síðari breytingar og uppfærslur listanna öðlast sjálfkrafa gildi við birtingu á þeim vef, sbr. 3. mgr. 4. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða nr. 93/2008.

Vefur Stjórnartíðinda Evrópusambandsins er hér: <http://eurlex.europa.eu>.

Heildarlisti yfir aðila sem eru háðir frystingu fjármuna er hér:

[https://ec.europa.eu/info/business-economy-euro/banking-and-finance/international-relations/restrictive-measures-sanctions\\_en#list.](https://ec.europa.eu/info/business-economy-euro/banking-and-finance/international-relations/restrictive-measures-sanctions_en#list.)]